

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar**  
**vegna landnotkunarbreytinga í landi Bergsstaða.**

Skipulagsstofnun staðfesti 28. mars 2023 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 9. nóvember 2022.

Í breytingunni felst að frístundasvæðum F83 og F85 er breytt í landbúnaðarsvæði og breyting verður á afmörkun og stærð F84.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 28. mars 2023.*

F.h. forstjóra,

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 13. apríl 2023